



Jón Smári Jónsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. mars 2026
Málsnúmer: 202602-0017
NA/BK/RTh

Efni: Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar frá 4. febrúar 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna matskyldufyrirspurnar frá Six Rivers Iceland um endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.

Framkvæmdin felur í sér skógrækt og landgræðslu til endurheimtar skóg- og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels (landnr. 156370) við Miðfjörð í Langanesbyggð. Endurheimta skal skóg- og kjarrlendi sem tapast hefur eftir landnám á um 350 ha svæði með gróðursetningu trjáa og runna, að uppistöðu innlendra lauftegunda, birki og víðis, en einnig reynivið, elri, lerki og blágreni. Gróðursett verða um 1.500-2.000 plöntur á hvern hektara, eða allt að 700.000 tré og runnar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Trjátegundir

Náttúrufræðistofnun er hlynnt því að innlendar trjátegundir séu notaðar til að græða illa farið, rofið land. Í titli verkefnisins er vísað í endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa þar sem markmiðið er að endurheimta birki- og víðivistkerfi sem hafa tapast eftir landnám. Hins vegar er gert ráð fyrir að gróðursetja um 10% af lerki og 10% elri og um 3% af blágreni. Eins og fram kemur neðar í umsögninni telur Náttúrufræðistofnun ekki æskilegt að nota þessar tegundir en ef af því verður telur Náttúrufræðistofnun villandi að endurheimt sé í titli verkefnisins þar sem ekki er hægt að endurheimta vistkerfi sem að voru ekki til staðar hér áður fyrr. Ef erlendar tegundir eru notaðar ætti enn fremur að setja skilyrði um að framkvæmdaaðili vakti og uppræti trjáplöntur sem kunna að dreifa sér út fyrir skilgreint ræktunarsvæði.

Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum frá Náttúrufræðistofnun varðandi skógrækt á vegum Six Rivers Iceland á Norðausturlandi er það mat stofnunarinnar að mælst sé gegn því að elri sé notaður. Elri er niturbindandi planta en hún er ekki íslensk tegund og erlendar rannsóknir benda til þess að elri geti breitt úr sér og orðið ágeng tegund við vissar kringumstæður (<https://rfs.org.uk/wp-content/uploads/2021/06/non-native-alder-species-alnus-spp.pdf>).



Á snauðustu svæðunum og við erfiðustu aðstæður er fyrirhugað að nýta lerki til að styðja við og fósra birki. Náttúrufræðistofnun bendir á að víðir hefur reynst gagnleg planta í landgræðslu og að rannsóknir hafa sýnt að samband er milli stærðar ungra birkiplanta og fjarlægðar frá víði.¹ Einnig er fyrirhugað að rækta greni til að auka við fjölbreytni og litadýrð. Náttúrufræðistofnun bendir á að nóg litadýrð og fjölbreytni finnst í þeim innlendu tegundum sem fyrirhugað er að nota og því óþarfi að bæta við greni fyrir þær sakir. Ef greni og lerki yrði plantað myndi það breyta ásýnd svæðisins til muna þar sem engar slíkar plöntur finnast á nærliggjandi svæðum og um er að ræða lítt snortið heiðarland. Náttúrufræðistofnun mælist því gegn því að lerki og greni sé notað í skógrækt á svæðinu.

Vistgerðir og fuglalíf

Náttúrufræðistofnun bendir á að skilgreindar hafa verið svokallaðar forgangstegundir fugla sem leggja ber áherslu á þegar kemur að verndun á Íslandi.^{2,3} Þar er horft til þess hvort tegund sé tiltekin í Bernarsamningnum, flokkist til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands (er þar miðað við að ≥ 20 % Evrópustofns viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum) og stöðu á valista.

Engin tegund sem myndi flokkast sem eindreginn skógarfugl telst til þessara forgangstegunda enda er verndargildi þeirra á Íslandi lítið í alþjóðlegum samanburði þar sem varpstofnar þeirra hér er einungis lítið brot af Evrópustofnum sem oftast eru metnir í tugum milljóna para. Hins vegar berum við ábyrgð á $>20\%$ varpstofna ýmissa annarra tegunda, t.d. vaðfugla þar sem heildarstofnar eru taldir í hundruðum þúsunda para.

Mörgum helstu tegundum vaðfugla hefur farið fækkandi á Íslandi á undanförunum árum⁴ og teljast nú fimm af þeim vera í *nokkurri hættu* á valista fugla. Meðal þeirra eru heiðlóa og spói sem ætla má að finnst á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í töluverðum þéttleika, einkum þar sem halli er lítill, sem og lóupræll sem gæti verpt í grennd við votlendi. Mikilvægt er að leitast við að hlífa svæðum við gróðursetningu þar sem þéttleiki vaðfugla er mestur.

Þónokkuð votlendi finnst á svæðinu og þar af leiðandi vistgerðir með hátt verndargildi eins og starungsmýravist, runnamýravist á láglandi og brokflóavist. Ekki verður plantað í votlendi en Náttúrufræðistofnun telur að einnig ætti að hlífa vel grónu mólendi, ekki síst vegna mikilvægis þess sem búsvæði ýmissa fuglategunda, t.d. heiðlóu og spóa. Þetta á einkum við mólendi í nágrenni við votlendi

¹ Sigurður H. Mangússon og Borgþór Magnússon 1992, Náttúrufræðingurinn 61 (2), bls. 95-108: <https://timarit.is/page/4273051#page/n15/mode/2up>

² Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja Auhage. 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (Nr. 9789979933595). Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

³ Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2019. *Framkvæmdaáætlun náttúruminjasráðs 2018: svæðaval og ávinningur verndar*. Garðabær.

⁴ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>



en votlendi hefur jákvæð áhrif á fuglalíf langt út fyrir mörk sín.⁵ Þar sem kortið yfir fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í þrívídd er erfitt að bera það saman við kortasjárnar og loftmyndir til athugunar hvar votlendissvæðinu er. Æskilegt væri að skýrara kort fylgdi umsókninni.

Vöktun og rask

Jákvætt er að ekkert jarðrask er fyrirhugað og að plöntur verði handgróðursettar í órofna gróðurþekju.

Ekki er minnst á vöktun samhliða framkvæmdum þar sem grunnástand svæðinu er mælt líkt og hefur verið í fyrri umsögnum frá Six Rivers Iceland á Norðausturlandi. Náttúrufræðistofnun lýsti yfir ánægju sinni með það í fyrri umsögnum þar sem vöktun er á rannsóknum þar sem notast er við innlendar trjáplöntur í uppgræðslu á melasvæðum. Æskilegt væri því að vöktun yrði einnig sett upp á þessu svæði samfara gróðursetningunni.

Niðurstaða

Í ljósi stærðar svæðisins telur Náttúrufræðistofnun að leggja ætti mat á varþéttleika innan þess og ræktunaráætlun útfærð nánar með tilliti til þeirra svæða sem eru fuglaríkust. Þar sem umfangsmikið votlendi er innan svæðisins og gróðurþekjan víða órofin mælist stofnunin einnig til að kortleggja gróðurfar og vistgerðir á svæðinu áður en farið er í frekari framkvæmdir. Þónokkuð af vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi finnast á svæðinu sem falla undir Bernarsamninginn. Þessar vistgerðir hýsa iðulega fuglategundir sem eiga undir högg að sækja og Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á.

Virðingarfyllt,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir

Jarðfræðingur

⁵ Lilja Jóhannesdóttir, Gill, J.A., Alves, J.A., Sigmundur H. Brink, Ólafur Arnalds, Méndez, V. & Tómas Grétar Gunnarsson 2019. Interacting effects of agriculture and landscape on breeding wader populations. *Agriculture, Ecosystems & Environment* 272. 246–253.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

3. mars 2026
202602-0031/F.G.J.

Efni: Umsögn - Matsskyldufyrirspurn - Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði – Mál nr. 0139/2026 hjá Skipulagsstofnun

Vísað er til erindis fulltrúa Skipulagsstofnunar er barst 5. febrúar sl. þar sem óskað var umsagnar Náttúruverndarstofnunar um matsskyldu vegna endurheimtar skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin felur í sér skógrækt og landgræðslu til endurheimtar skóg- og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels (landnr. 156370) við Miðfjörð í Langanesbyggð. Endurheimta skal skóg- og kjarrlendi sem tapast hefur eftir landnám á um 350 ha svæði með gróðursetningu trjáa og runna, að uppistöðu innlendra lauftegunda. Ræktað verður fjölbreytt skóg- og kjarrlendi þar sem birki og víðir (gulvíðir og loðvíðir) eru ríkjandi tegundir. Til að auka líffræðilega fjölbreytni, álagsþol og fagurfræðilegt gildi vistkerfisins verður reyniviður einnig gróðursettur í bland við birki og víði. Á snauðustu svæðum og við erfiðustu aðstæður er fyrirhugað að nýta lerki í um fjórðungs blöndunarhlutfalli til að styðja við og fóstura birki og víði og flýta þannig endurheimt skóglendis á krefjandi svæðum, og auka við möguleika á endurheimt skóglendis á illa rofnum svæðum. Þá er einnig fyrirhugað að rækta örlítið af greni í litlum lundum á völdum stöðum til að auka enn á fjölbreytni skógarins og litadýrð.

Vistgerðir og fuglalíf

Miðað við afstöðumyndir í greinargerð er nokkuð rof til staðar á svæðinu auk melasvæða. Það rímar ekki fullkomlega við vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar og ástandskort Grólinnar¹. Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar er, líkt og fram kemur í greinargerð, byggð á fjarkönnun. Kjósi framkvæmdaraðili að draga úr vægi flokkunarinnar á þeim forsendum bendir Náttúruverndarstofnun á þann möguleika að óháðir sérfræðingar verði fengnir til þess að kortleggja vistgerðir svæðisins nánar. Í greinargerð er nefnt að breytingar á tegundasamsetningu muni eiga sér stað yfir langan tíma **án þess að rask verði á viðkvæmum vistgerðum**. Náttúruverndarstofnun telur ólíklegt að hægt sé að byggja upp skóg án þess að gildi vistgerða sem finnast á svæðinu fyrir verði raskað, sama hve hægfara breytingarnar eru.

¹ Grólinn - Kortasjá.

Innan jarðarinnar finnast, skv. fyrrnefndri vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar, ýmsar votlendisvistgerðir sem eru þó ekki innan skilgreinds „lítt raskaðs votlendis“. Runnamýravist á láglendi, starungsmýravist, tjarnastararflóavist og brokflóavist eru allar með mjög hátt verndargildi og þrjár fyrstnefndu eru allar á lista Bernarsamningsins frá 2014 sem þarfnast verndar.

Á svæðinu eru einnig mikið af móavistum, sér í lagi fjalldrapamóavist, en einnig t.d. lyngmóavist á láglendi. Þær eru báðar á áðurnefndum lista Bernarsamningsins og verndargildi þeirrar síðarnefndu er hátt. Báðar hýsa þær allríkulegt fuglalíf mófugla, þar á meðal heiðlóu og spóa. Heiðlóa og spói, sem eru báðar ábyrgðartegundir Íslands og heiðlóa er á lista Bernarsamningsins yfir tegundir sem þarfnast verndar, voru nýlega metnar í nokkurri hættu vegna mikillar fækkunar í stofnum þeirra síðustu 15-20 ár. Heiðlóustofninn hefur minnkað um rúmlega 40% á þessu viðmiðunartímabili og fækkun í spóastofninum var metin vera um tæp 35%. Orsakirnar eru taldar vera búsvæðabreytingar vegna mannglegra umsvifa.

Í greinargerð er gert ráð fyrir því að mófuglar muni áfram hafa aðgang að öðru víðfeðmu opnu mólendi utan framkvæmdasvæðisins auk opna innan svæðisins. Vert er að nefna að búsvæðaeýðing er alltaf búsvæðaeýðing þar sem fuglar marka sér óðöl á bestu búsvæðunum fyrst og svo koll af kalli. Fuglar sem þurfa að færa sig vegna búsvæðaeýðingar auka þéttleika á öðrum svæðum sem hefur áhrif á afkomumöguleika þeirra fugla sem nýta sér þau svæði.

Spói og heiðlóa, líkt og aðrar margar aðrar mófuglategundir, verpa almennt ekki í skóglendi og rannsóknir hafa sýnt mikil jaðaráhrif skóga á þær, þ.e. þær kjósa að verpa frekar fjarri skógum en nálægt þeim².

Votlendi

Líkt og kemur fram í greinargerð er mikið votlendi á jörðinni en ekki verður gróðursett í það. Svo votlendið nýtist áfram sem aðgengilegt búsvæði fyrir fugla er æskilegt að hafa helgunarsvæði í kringum það. Í greinargerðum fyrir aðrar framkvæmdir Six Rivers Iceland hefur t.d. verið nefnt að ekki verði gróðursett nær votlendi en 50–100 metrum. Náttúruverndarstofnun mælist til þess að svipaðar skilmálar verði á þessu verkefni.

Trjátegundir og bakkagróður

Í umsókninni er tekið fram að einblínt verði á að gróðursetja innlendar trjátegundir. Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess, sér í lagi þar sem tilgangur verkefnisins er meðal annars að hafa áhrif á vatnabúskap á í nágrenninu.

Í 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er fjallað um vernd bakkagróðurs. Þar kemur fram að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem

² Aldís E.P. o.fl., 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59, bls. 2456–2467.

minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Gott væri að fá upplýsingar um hve nálægt árbökkum er fyrirhugað að gróðursetja.

Fornminjar og ásýnd

Náttúruverndarstofnun vekur athygli á því að fornminjarnar á svæðinu mynda órjúfanlega heild með ásýnd og náttúru svæðisins. Fyrirhuguð skógrækt gæti umbylt því landslagi. Náttúruverndarstofnun bendir á í því sambandi að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Náttúruverndarstofnun hvetur skipulagsyfirvöld að vinna tillöguna í góðu samráði við Minjastofnun Íslands.

Niðurstaða

Miðað við afstöðumyndir í greinargerð er nokkuð rof til staðar á svæðinu auk melasvæða. Það rímar ekki fullkomnlega við vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar og ástandskort Grólinnar. Stofnunin veltir því fyrir sér hvert raunverulegt ástand svæðisins er og þætti æskilegt að úttekt á vistgerðum svæðisins og ástandi þess færi fram áður en framkvæmdaleyfi verður veitt. Samhliða þeirri úttekt má jafnvel fá sömu aðila til þess að taka út fuglalíf svæðisins. Á svæðinu finnst þónokkuð af vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi sem falla undir Bernarsamninginn. Þessar vistgerðir hýsa iðulega fuglategundir sem eiga undir högg að sækja og Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á, eins og heiðlóu og spóa.

Lagt er upp með að gróðursetja innlendar trjátegundir og rækta upp fjölbreytt skóg- og kjarrlendi. Miðað við fyrirliggjandi gögn í greinargerð er ekki að sjá að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði umtalsverð, ef frá eru taldir óvissuþættir varðandi vistgerðir og fuglalíf ásamt samspili fornminja og ásýndar. Því telur Náttúruverndarstofnun ekki að framkvæmdin sé háð fullu mati á umhverfisáhrifum en ítrekar það að skynsamlegt væri að mat á þessum óvissuþáttum færi fram áður en framkvæmdarleyfi verður veitt, þó það væri smærra í sniðum en í fullu mati.

Virðingarfyllst,

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson

**Umsögn Rarik. Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í
Miðfirði
Mál nr. 0139/2026**

Rarik hefur mótekið erindi sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála dags. 03/02/2026, þar sem óskað er umsagnar Rarik vegna tillögu að nýju skipulagi.

Rarik gerir ekki athugasemdir við tillöguna en vekur athygli á að strengir Rarik liggja á svæðinu. Eins vill Rarik vekja athygli á fyrirhuguðum framkvæmdum þar sem unnið er að strenglagningu milli Vopnafjarðar og Þórshafnar. En sá stengur liggur í gegnum Miðfjarðarnessel.

Með kveðju,
Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir

Mál nr. 0139/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0139/2026, Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði
(Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við framkvæmdirnar og tekur undir umsögn Hafrannsóknastofnunar í málinu.

Höfundur: Hera Katrín Aradóttir

Sent inn þann: 06.02.2026 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa

Skipulagsstofnun

Mál: 139/2026
Hafnafirði 04. febrúar 2026

Efni: Umsögn vegna tilkynningar um framkvæmd – Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.

Hafrannsóknastofnun hefur borist ósk Skipulagsstofnunar um umsögn vegna umsóknar Six Rivers Iceland (SRI) um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt og landgræðslu í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.

Samkvæmt fylgigögnum er tilgangur framkvæmdarinnar skógrækt og landgræðsla, með áherslu á endurheimt birki- og víðivistkerfa sem hafa tapast eftir landnám. Meginmarkmið verkefnisins eru:

- að auka næringarframboð og bæta búsvæði fyrir laxaseiði í ám svæðisins
- að efla gróðurvistkerfi og auka framleiðni þeirra, seiglu og álagsþol
- að minnka flóðahættu, vatnsrof og aurburð í ár
- að draga úr gróðurrofi og jarðvegseyðingu
- að stuðla að uppbyggingu heilbrigðs og næringarríks jarðvegs
- að styðja við stefnu stjórnvalda í landgræðslu, skógrækt og endurheimt vistkerfa m.a. samkvæmt Landi og lífi – Landsáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031, markmiðum Íslands samkvæmt Bonn-áskoruninni og aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Hafrannsóknastofnun hefur nýlega gefið tvær umsagnir um svipaðar framkvæmdir SRI með númerin 792/2024 og 543/2025 í Skipulagsgátt. Þær umsagnir ná utan um þetta erindi einnig.

Niðurstaða

Hafrannsóknastofnun leggst ekki gegn fyrirhuguðum framkvæmdum sem hér eru til umsagnar en leggur áherslu á mikilvægi skipulagðar langtíma vöktunar samhliða framkvæmdum til að meta árangurinn og auka þannig þekkingu á samspili skógræktar og vatnalífs sem er mikilvæg fyrir framtíðar skipulag skógræktar á svæðinu sem og annars staðar á landinu.

Fh. Hafrannsóknastofnunar,



Hlynur Bárðarson



**Bókun skipulags- og umhverfisnefndar Langanesbyggðar vegna umsagnar um málið:
Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í andi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.**

12. Greinargerð og fylgigögn frá Six Rivers vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði

12.1 Kort af svæðinu

12.2 Umsögn Minjastofnunar

12.3 Fornleifaskráning.

Umsókn frá Six Rivers um heimild til skógræktar og landgræðslu í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir framkomnar hugmyndir og framkvæmdaleyfi fyrir þeim.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.
Austursvæði

Sent í Skipulagsgátt

Húsavík

09-04 2026

Efni: Framkvæmdin felur í sér skógrækt og landgræðslu til endurheimtar skóg- og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarssels (landnr. 156370) við Miðfjörð í Langesbyggð. Endurheimta skal skóg- og kjarrlendi sem tapast hefur eftir landnám á um 350 ha svæði með gróðursetningu trjáa og runna, að uppistöðu innlendra laufftegunda.

Ræktað verður fjölbreytt skóg- og kjarrlendi þar sem birki og víðir (gulvíðir og loðvíðir) eru ríkjandi tegundir. Til að auka líffræðilega fjölbreytni, álagsþol og fagurfræðilegt gildi vistkerfisins verður reyniviður einnig gróðursettur í bland við birki og víði.

Á snauðustu svæðum og við erfiðustu aðstæður er fyrirhugað að nýta lerki í um fjórðungs blöndunarhlutfalli til að styðja við og fósra birki og víði og flýta þannig endurheimt skóglendis á krefjandi svæðum, og auka við möguleika á endurheimt skóglendis á illa rofnum svæðum.

Þá er einnig fyrirhugað að rækta örlítið af greni í litlum lundum á völdum stöðum til að auka enn á fjölbreytni skógarins og litadýrð.

HNE gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða skógrækt í landi Miðfjarðarssels í Langesbyggð.

Jóhannes H Hauksson
Heilbrigðisfulltrúi
Austursvæði.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík
b.t. Jóns Smára Jónssonar
sent á skipulag@skipulag.is

4. mars 2026

Mál: Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Tilkynning um framkvæmd, mnr. 139/2026

Undirritaður hefur kynnt sér málið, frestur var til 3. mars sl. *Land og skógur* tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Undirritaður telur tilgang og markmið framkvæmdarinnar nokkuð skýr. Í greinargerðinni kemur fram að ætlunin (tilgangurinn) með framkvæmdinni séu að rækta skóg (skógrækt) og græða upp land (landgræðsla). Landgræðslan felst að mestu leyti í því að koma upp birki- og víðivistkerfum. Þannig snýr allt verkefnið að skógrækt, en drjúgan hluta skógræktarinnar má þó einnig skilja sem landgræðslu.

Nokkuð er rætt um endurheimt, hvorttveggja endurheimt skóga og endurheimt vistkerfa. Rétt er að benda á að hugtök þessi eru nokkuð tormeðfarin: *Endurheimt vistkerfa* er skilgreind í lögum um landgræðslu nr. 155/2018 sem „[p]að ferli að koma vistkerfum, vistkerfisferlum, eiginleikum vistkerfa og vistkerfapjónustu í það horf að vistkerfið nái að þróast án hnignunar.“ *Endurheimt skóga* er hinsvegar skilgreind í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 sem „[p]að ferli að koma vistkerfum, vistkerfisferlum, eiginleikum vistkerfa og vistkerfapjónustu náttúruskóga í það horf að þeir nái að þróast án hnignunar.“ Í skýringum í frumvarpi að ofanefndum lögum um landgræðslu kemur fram að átt er við endurheimt raskaðra vistkerfa. Þessar skilgreiningar v.a.m. eru samhljóða að undanskildu því, að endurheimt skóga tekur eingöngu til vistkerfa náttúruskóga. Náttúruskógar skv. sömu lögum eru eingöngu þeir skógar sem orðið hafa til með sjálfsáningu, og skv. greinargerðinni um framkvæmdina er ekki gert ráð fyrir að skógi verði komið upp með sjálfsáningu fyrsta kastíð. Af ofangreindum þessum skilgreiningum má þannig sjá, að skógræktaráformin í Miðfjarðarnesseli falla undir að vera endurheimt vistkerfa, upp að því marki sem hún fer fram á landi sem teljast má vera raskað eða hafa hnignað. Víða á fyrirhuguðu skógræktarsvæði má enda finna rofdíla, jafnvel stóra, og það sést á loftmynd.

Það er tilgreint að um 77% gróðursettra plantna verða íslenskar tegundir (birki, víðir og reynir), og að þau 23% plantanna sem mega teljast af erlendum uppruna, verða gróðursett í sérstaka reiti, en ekki dreift um skóginn innan um íslensku tegundirnar – nema lerkí, sem nýtt verður til að fósra birki og víði þar sem þær tegundir eiga erfiðast uppdráttar. Þannig verða skógar þeir sem vaxa upp af innlendu tegundunum að mestu leyti óblandaðir skógar af innlendum tegundum og væntanlega verða þeir skógar síðar, upp að því marki sem þeir endurnýja sig af fræi, að náttúruskógum í skilningi núgildandi skógræktarlaga. Undirritaður telur ólíklegt að sjálfsáning lerkis, blágrenis og elris á svæðinu verði mikil í framtíðinni.

Í greinargerðinni er á einum stað rætt um ísog, en ætti með réttu að vera *ísig* (sæ. *infiltration*).

Undirritaður telur fyrirhuguðum framkvæmdum vel lýst í greinargerðinni og telur, hvað varðar fagsvið stofnunarinnar, ekkert þar að finna sem kallar á frekari útskýringar eða að verkefninu verði gert að gangast undir umhverfismat.

bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurdsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 570-5550